

AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2009, miðvikudaginn 9. júní var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2008.

Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, Reykjavík og hófst kl. 15:15.

Þessi sátu fundinn: Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri fyrir Reykjavíkurborg, Gísli S. Einarsson bæjarstjóri fyrir Akraneskaupstað og Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri fyrir Borgarbyggð.

Einnig sátu fundinn Guðlaugur G. Sverrisson formaður stjórnar, Júlíus Vífill Ingvarsson, Björn Bjarki Þorsteinsson, forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála, innri endurskoðandi OR og Auðunn Guðjónsson lögg. endurskoðandi frá KPMG.

Þetta gerðist:

Ákveðið að fundarstjóri yrði Hjörleifur B. Kvaran og Eiríkur Hjálmarsson fundarritari.

1. Formaður stjórnar, Guðlaugur G. Sverrisson, flutti skýrslu stjórnar.
2. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir liðið reikningsár ásamt skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.
Ársreikningurinn er áritaður af endurskoðanda og stjórn.
Ársreikningurinn borinn upp og samþykktur af fulltrúum eigenda.
Ennfremur lögð fram Umhverfisskýrsla, undirrituð af stjórn 15. maí 2009.
3. Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslur:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn 9. júní 2009 samþykkir að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 800 milljónir króna. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins 2009 á vormánuðum 2010.

Samþykkt.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga um þóknun stjórnarmanna:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn í 9. júní 2009 ákveður að stjórnarlaun ársins 2008 verði kr. 125.000.- á mánuði fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. Einnig að heimilt verði að greiða kr. 125.000.- upp í stjórnarlaun næsta árs tímabilið janúar til mars 2009, en kr. 112.500 frá 1. apríl 2009 og tvöfalt fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 35.000.- á fund til marsloka 2009, en kr. 31.500 á fund frá 1. apríl 2009.

Samþykkt.

5. Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 2. júní s.l. um kjör stjórnarmanna til eins árs:

Aðalmenn:

Guðlaugur Sverrisson, Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Þorleifur Gunnlaugsson.

Varamenn:

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Jórunn Frímansdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Dagur B. Eggertsson, Lilja Mósesdóttir.

Formaður var kjörinn Guðlaugur Sverrisson.

Varaformaður var kjörinn Kjartan Magnússon.

Einnig lagt fram bréf Akraneskaupstaðar dags. 22. maí 2008 þar sem greint er frá að Gunnar Sigurðsson verði aðalmaður í stjórn til fjögurra ára og Eydís Aðalbjörnsdóttir til vara.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Borgarbyggð fái áheyrnarfulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur næsta starfsár.

Samþykkt.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga um endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn 9. júní 2009 samþykkir að KPMG hf. endurskoðunarfyrirtæki verði endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur næsta ár.

Samþykkt.

7. Önnur mál.

Páll S. Brynjarsson og Gísli S. Einarsson færðu starfsfólki og stjórnendum og stjórn þakkir fyrir góð störf á liðnu starfsári. Sérstakar þakkir voru færðar fyrir góð samskipti og veitta þjónustu við íbúa sveitarfélaganna á Vesturlandi. Hanna Birna Kristjánsdóttir færði starfsfólki, stjórnendum og stjórn þakkir fyrir góða frammistöðu í rekstri fyrirtækisins við erfiðar aðstæður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:45.

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Gísli Einarsson

Páll S. Brynjarsson